

LIFAÐ AF LANDINU

Góð innkaup á ferð um landsbyggðina:

Tómartar og laukar efst, síðan baunir, þá mangó og sítrónur, gul og rauð ber, ástríðu-ávöxtur, sveppir, kartöflur, sætar og venjulegar.



Matur eftir árstíðum og lifað með Malaví

Maturinn er etinn þegar hann er ferskur. Og þegar hann er til. Sumt geymist milli árstíða: rætur og baunir. Annað fæst bara í nokkrar vikur: sveppir og ber.





Írskar kartöflur eru harðgerðar og auðveldar í ræktun og mikið framboð mestan hluta ársins. Hvítar, rauðar, venjulegar og sætar. 500 kall stór fata.

Fæstir hafa fleiri en eina til tvær tegundir upp á að bjóða. Maður stoppar hér og þar og smátt og smátt fyllist skottið á bílunum af hinu og þessu sem maður ténir upp á langri leið. Sveppakallinn hér. Mangófrúin þar. Tómatkrakkarnir....



Kartöflur í úrvali beint frá bændum og börnum þeirra, auk pipars

Sveitafólkið hefði meira fyrir sinn snúð ef aðgengi að stórum mörkuðum væri betra, og geymslur fyrir uppskeruna góðar. Þegar vara er loksins tilbúin er hún það um allt land og ofgnótt um skamman tíma skapar offramboð og lágt verð. Betra væri að dreifa framboði en til þess eru fá úrræði í afskekktum byggðum.





Ávextir: Mangó, sítrónur vaxa í görðum og verða vel bústnar ef vandlega er vökvað, berin eru í fjallshlíðum Zomba þar sem rignir hressilega og er svalt. Gulu berin er ögn súr, þau rauðu heldur sætari en best eru jarðarberin þegar þau koma. Neðst má svo sjá dásamlegan Ástríðuávöxtinn með harða skel en mjúkt kjöt.

Allt selt í sveitinni beint frá þeim sem tína.



Grænmeti: Baunir efst og tómatur, sveppir og kartöflur. Þær fremstu er hin frægu jarðepli frá Zomba sem þykja bera af.

Ég: „Þetta eru dýrar kartöflur“

Kerlingar: „Nei, þetta eru Zomba kartöflur“.

Útrætt.

Markaðir við vegarbrún

Oft er um langan veg að fara á markaði og sveitafólkið sér þann kost vænstan að slá upp borðum eða raða körfum á vegarbrún til að selja þar. Uppskeran er þá borin af ökrunum og henni raðað upp á markaðsvænan hátt svo freisti ökumanna. Verðið hækkar eftir því sem nær dregur stórum bæjum eða borgum og munar miklu.



„200 kall
karfan”



Og skordýrin fá sína uppskeru líka þegar vel er að gáð í blómskrúði.